

**Mat á kennaramenntun
í Kennaraháskóla Íslands,
félagsvísindadeild Háskóla Íslands og
kennaradeild Háskólans á Akureyri**

Greinargerð umsjónarhóps

Menntamálaráðuneytið
mars 1998

I. Inngangur

Umsjónarhópur með mati á kennaramenntun telur að fyllilega tímabært hafi verið að láta fara fram heildarmat á kennaramenntun í landinu. Slíkt mat veitir mikilsverðar upplýsingar um stöðu menntunar á þessu sviði og um innra starf þeirra skóla sem mennta kennara til starfa. Væntir hópurinn þess að niðurstöður matsins verði grundvöllur upplýstrar umræðu um kennaramenntun á Íslandi.

Kennaramenntun er mikilvæg og miklar kröfur eru gerðar af hálfu stjórnvalda og almennings um að hún uppfylli þarfir samfélagsins á hverjum tíma. Þær kröfur munu aukast enn á næstunni með nýjum aðalnámskrám fyrir grunn- og framhaldsskóla. Einnig kallar hröð þróun upplýsingasamfélagsins á nýja færni kennara. Mikið veltur því á að kennaramenntunarstofnanir geti brugðist við nýjum kröfum og menntað kennara sem eru færir um að takast á við krefjandi verkefni framtíðarinnar. Síðast en ekki síst er mikilvægt að standa vel að endurmenntun kennara.

Kennaramenntunarstofnanir hafa tekið ýmsum breytingum á undanförunum árum. Í samræmi við ný lög sameinuðust í upphafi þessa árs fjórir skólar á sviði uppeldis- og kennaramenntunar í einn skóla, Kennaraháskóla Íslands. Áður hafði framboð á menntun fyrir kennara aukist með kennaranámi við Háskólann á Akureyri og fjarnámi og meistaranámi við Kennaraháskóla Íslands. Það skal tekið skýrt fram að mat það sem hér um ræðir miðast við Kennaraháskóla Íslands fyrir sameininguna.

Aðdragandi úttektarinnar á kennaramenntun var að í mars 1997 bauð menntamálaráðuneytið rektorum Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands að tilnefna fulltrúa til viðræðna um mat á kennaramenntun í þessum skólum. Allir skólarnir samþykktu þátttöku og ákváðu á samráðsfundi að hver skóli tilnefndi fulltrúa í umsjónarhóp sem bæri ábyrgð á skipulagi og framkvæmd verkefnisins og menntamálaráðherra skipaði. Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag tilnefndu einnig tvo fulltrúa og ráðherra skipaði formann umsjónarhópsins og annan fulltrúa án tilnefningar. Í umsjónarhópnum áttu sæti:

Jónas Guðmundsson, M.A., rektor, formaður, skipaður af menntamálaráðherra,
Allyson Macdonald, Ph.D., forstöðumaður, tilnefnd af HA og KHÍ,
Ragnheiður Briem, Ph.D., menntaskólakennari, skipuð af menntamálaráðherra,
Sigurrós Erlingsdóttir, B.A., framhaldsskólakennari, tilnefnd af HÍK,
Sigprúður Harðardóttir, B.Ed., grunnskólakennari, tilnefnd af KÍ,
Sölvi Sveinsson, Cand. mag., skólameistari, tilnefndur af HÍ.

Með hópnum starfaði dr. Arnór Guðmundsson, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneyti. Marta Hreiðarsdóttir félagsfræðingur var starfsmaður hópsins frá júlí til nóvember 1997 og vann að gerð kannana meðal brautskráðra nemenda og skólastjórnenda.

Umsjónarhópurinn bar ábyrgð á framkvæmd matsins, annaðist samskipti við þátttökuskóla og úrskurðaði um álitamál. Í samráði við menntamálaráðuneytið gaf umsjónarhópurinn út leiðbeiningar fyrir sjálfsmat þátttökuskóla og valdi sérfræðinga í ytri matshóp. Einnig stóð hópurinn fyrir könnun meðal kennara og skólastjórnenda. Umsjónarhópurinn hélt ellefu fundi og fylgdist náið með framgangi matsins.

II. Helstu niðurstöður

Helstu efnislegar niðurstöður matsins á kennaramenntun koma fram bæði í sjálfsmatsskýrslum skólanna og skýrslu ytri matshópsins. Það vekur athygli að í skýrslu ytri matshóps er mikil áhersla lögð á úrbætur á kennaramenntun á Íslandi í heild. Tillögum til úrbóta er jafnt beint til stjórnvalda, kennaramenntunarstofnanna þriggja sameiginlega og til einstakra skóla. Umsjónarhópur hefur ákveðið að flokka niðurstöður og athugasemdir ytri matshóps í samræmi við þetta og leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

II.1. Til stjórnvalda

- a) Mikilvægt er að gerðar verði áætlanir um fjölda þeirra kennara, sem þörf er fyrir í landinu, og um símenntun/endurmenntun starfandi kennara.
- b) Nauðsynlegt er að leggja grunn að samhæfðri menntun kennara sem mætir þörfum skóla nú og í framtíðinni.

- c) Brýnt er að menntun kennara verði kerfisbundnari og markmiðsetning skýrari en nú er. Grunnnámið þarf að vera undirstaða frekari menntunar kennara alla starfsævina, hvort heldur í skóla eða með fjarkennslu - hvar sem er á landinu.
- d) Æskilegt er að skoða menntun kennara í víðara samhengi en nú er gert. Leggja ætti áherslu á endurmenntun, en þó ekki á kostnað grunnmenntunar kennara. Í þessu sambandi er áriðandi að athuga stuðning við byrjendur í kennslu, eflingu fjarkennslu og útvíkkun réttindanáms fyrir leiðbeinendur.
- e) Ytri matshópur leggur ekki dóm á hvort rétt sé að lengja nám kennara til B.Ed.-gráðu úr þremur árum í fjögur. Hópurinn telur mikilvægt að eyða óvissu um þetta mál sem fyrst.

II.2. Til þeirra þriggja háskólastofnana sem matið náði til

- a) Menntastofnanirnar einbeita sér um of að málefnum líðandi stundar en sinna minna um að horfa til framtíðar. Þær þurfa að gera ítarlegri langtímaáætlanir.
- b) Samstarf stofnana, sem mennta kennara, þarf að aukast og verða formlegra en verið hefur. Í öllum stofnununum verður að gera ráð fyrir varanlegu samstarfi og verkaskiptingu, sem stefni að því að uppfylla þarfir þjóðarinnar fyrir kennara. Miklu skiptir að þetta samstarf nái enn fremur til lykilmálsmanna utan stofnananna, s.s. til samtaka kennara og annarra fulltrúa grunn- og framhaldsskóla.
- c) Styrkja verður tengsl við aðra hópa, s.s. skóla og kennarafélög. Með slíkum tengslum væri unnt að skipuleggja betur æfingakennslu og auka þjálfun móttökukennara.
- d) Aðkallandi er að gaumgæfa vel hlutverk rannsókna og þau skilyrði sem sköpuð eru til að stunda þær jafnframt því að styrkja tengsl rannsókna, kennslu og nemendaverkefna. Margir starfsmenn kennaramenntunarstofnananna hafa ekki tíma til að stunda rannsóknir og nemendur kvarta yfir of fáum íslenskum rannsóknum sem þeir geti lært af.
- e) Launakerfi leiða til of mikillar áherslu á fyrirlestra og of fárra námsverkefna sem nemendur vinna sjálfstætt eða undir leiðsögn kennara.
- f) Gefa þarf sérstakan gaum að vissum kennslugreinum við skipulagningu kennslu og afgreiðslu umsókna um námsvist. Til dæmis er óhjákvæmilegt að fjölga menntuðum kennurum í stærðfræði og raungreinum.
- g) Upplýsingatækni ætti að verða þáttur í allri þjálfun kennara áður en þeir hefja störf, endurmenntun þeirra og í þjálfun kennara innan háskólanna sjálfra.
- h) Allar stofnanirnar ættu að gera reglulega kannanir meðal innritaðra nemenda og fyrrverandi nemenda til að komast að viðhorfum þeirra til námsins og notagildis þess.

II.3. Til einstakra stofnana

Háskóli Íslands

- a) Í Háskóla Íslands þarf að auka samstarf á milli kennsluréttindanáms í félagsvísindadeild og annarra deilda og auka þarf möguleika nemenda til að hefja kennaranám áður en þeir komast á lokaár í sérgreinum sínum.
- b) Finna þarf leiðir til að fleiri nemendur geti stundað kennsluréttindanáms í HÍ en nú er.

Háskólinn á Akureyri

- a) Háskólinn á Akureyri þarf að kynna betur starfsemi sína í þeim tilgangi að laða að fleiri nemendur.
- b) Vegna ýmissa aðstæðna sem setja starfsemi HA þröngar skorður kæmi til greina að innrita nemendur í kennaranámið einungis annað hvert ár.
- c) Bæta þarf skilyrði kennsluréttindanáms í HA og koma því á fastari grundvöll.

Kennaraháskóli Íslands

- a) Í Kennaraháskóla Íslands ætti þróun kennaranáms að vera tengdari settum markmiðum. Betra samræmi og skýrari stefnumörkun þarf til að styrkja meginlínur í náminu.
- b) Vægi einstakra námskeiða í KHÍ ætti ekki að vera minna en tvær einingar. Í náminu þyrfti að stuðla betur að auknum samskiptum nemenda og sjálfstæðari vinnubrögðum þeirra.
- c) Sú tilhneiging KHÍ að ráða mest fræðilega sterka einstaklinga með doktorsgráður til starfa getur hamlað því að tengsl skapist milli námsins og starfsemi grunn- og framhaldsskóla og dregið úr líkum á því að kennaranemar öðlist hagnýtra þekkingu á skólastarfi.
- d) Ekki var gerð nákvæm úttekt á meistaranámi KHÍ. Innan meistaranámsins þarf að athuga tengsl á milli rannsókna og kennslu og ennfremur vinnalag nemenda í hlutanámi.
- e) Nemendur, sem hyggja á nám við KHÍ, þyrftu að eiga kost á skýrari upplýsingum um stefnu skólans í inntöku nemenda.
- f) Þörf er á að bæta upplýsingastreymi innan KHÍ.

II.4. Nokkrar niðurstöður úr könnun

Umsjónarhópur vekur til viðbótar athygli á eftirfarandi niðurstöðum úr könnun sem hópurinn stóð fyrir meðal brautskráðra nemenda:

- Um 20% þeirra sem hefja kennaranám hafa lokið stúdentsprófi af raungreinabrautum.
- Flestir brautskráðra nemenda vilja auka vægi íslensku í kennaranáminu (73,4%). Næstflestir vilja auka vægi kennslu í stjórnun (71,1%), æfingakennslu (60,9%), kennslufræði (60,7%), stærðfræði(52,8%) og raungreinum (51,6%).
- Langflestir telja að kenna eigi tölvunotkun og upplýsingatækni sem skyldugrein (67,6%).
- Um 59% brautskráðra nemenda telja að kennaramenntun hafi staðist væntingar þeirra en 41% segja að námið hafi verið síðra en væntingar stóðu til.

III. Tillögur um úrbætur á skipulagi og aðferðum við mat

Menntamálaráðuneytið hefur á undanförunum árum unnið að því að þróa aðferðir við mat á háskólamenntun og í því skyni m.a. tekið þátt í tilraunaverkefni á vegum Evrópusambandsins um mat á háskólamenntun og staðið fyrir matsverkefnum hér á landi. Það mat sem farið hefur fram á kennaramenntun byggir á fenginni reynslu af mati á háskólamenntun hér á landi en lögð var áhersla á að aðlaga aðferðir og skipulag svo að það hentaði sem best kennaranámi og aðstæðum hér á landi.

Matið á kennaramenntun var mjög umfangsmikið og því þurfti að samhæfa störf margra til þess að framkvæmdin gengi snurðulaust fyrir sig. Í slíku verkefni kemur óhjákvæmilega ýmislegt upp sem betur mætti fara og nauðsynlegt er að draga lærdóm af. Að fenginni reynslu af matinu og í samræmi við ábendingar frá þátttökuskólum og ytri matshópi vill umsjónarhópurinn vekja athygli á eftirfarandi:

- Umsjónarhópur og ytri matshópur telja að sjálfsmatsskýrslur skóla hafi almennt ekki verið nægilega vel unnar. Umsjónarhópur vann ítarlegar leiðbeiningar fyrir sjálfsmatið, en þær virtust ekki skila sér í vel unnum skýrslum frá skólunum þremur. Sérstaklega þótti skorta á að skólarnir gerðu skýra grein fyrir markmiðum námsins, gagnrýndu núverandi starf í ljósi þeirra og gerðu tillögur um úrbætur. Í

fram tíðinni þarf umsjónarhópur að skipa leiðbeinanda sem gefur skólum ráð um sjálfsmat svo að þessum þáttum verði sinnt nægilega vel. Slíkur leiðbeinandi gæti tryggt gott skipulag og framgang sjálfsmatsins.

- Ytri matshópur bendir á að æskilegt hefði verið að menntamálaráðuneytið legði til ítarlegri grunnupplýsingar um kennara hér á landi, t.d. um þörf á mannafla á þessu sviði.
- Ytri matshópur leggur áherslu á að mikilvægt sé að fá meiri tíma til þess að vinna niðurstöður samhliða athugunum í skólunum. Æskilegt væri að ytri matshópur fengi rýmri tíma milli funda á meðan á heimsókn í skóla stendur, einnig eftir hverja heimsókn og loks þegar öllum heimsóknum er lokið. Þetta kann að reynast erfitt, m.a. vegna þátttöku útlendinga sem einungis geta dvalist hér á landi í skamman tíma.
- Ytri matshópur bendir á að skipuleggja mætti betur heimsóknir í skóla. Takmarka þurfi fjölda viðmælenda og velja í hverjum skóla færri fulltrúa sem túlki ólík sjónarmið. Einnig er nauðsynlegt að kennarar og nemendur, sem þátt taka í fundum með ytri matshópi meðan á heimsókn stendur, fái betri undirbúning og þeim sé gerð grein fyrir hlutverki sínu með nægum fyrirvara. Í samskiptum umsjónarhóps og þátttökuskóla, m.a. þegar heimsóknir voru skipulagðar, kom í ljós að sárlega vantaði sérstakan tengilið frá hverjum skóla til þess að annast þessi samskipti og sjá um að skipuleggja dagskrá heimsókna með formlegri hætti en gert var að þessu sinni.
- Vel þykir hafa tekist til með val á sérfræðingum í ytri matshóp og bent er á að útlendingarnir gegndu lykilhlutverki í hópnum. Mikilvægt er því að vanda framvegis val á þeim.

VI. Takmarkanir og tillögur um viðbætur

Í flestum meginatriðum fór úttektin á kennaramenntun fram í samræmi við áætlun sem fyrir lá í maí 1997. Þó var ein undantekning þar á. Ekki tókst að gera skil mati á kennaramenntun í einstökum faggreinum Háskóla Íslands. Rektor HÍ hafði áður en úttektin hófst sérstaklega lýst áhuga á að þessum þætti í menntun kennara yrði sinnt. Þegar á reyndi tók of langan tíma að fá fram tillögur frá HÍ og komast að niðurstöðu um hvernig meta mætti þennan þátt og síðan að koma vinnu við sjálfsmat deildanna fyrir með öðrum störfum innan HÍ. Sjálfsmatsskýrslur úr íslenskuskor, líffræðiskor og

stærðfræðiskor bárust ekki fyrir en tveimur vikum eftir að ytri matshópur hafði heim-sótt skólana og sjálfsmatsskýrsla enskuskorar barst ekki. Þessar skýrslur var því ekki hægt að leggja til grundvallar úttektinni. Það býður nýrrar úttektar að gera þessum mikilvæga þætti í menntun íslenskra kennara verðug skil. Þyrfti hún að ná til allra fagdeilda HÍ sem væntanlegir kennarar stunda nám í.

Umsjónarhópurinn bendir ennfremur á takmarkanir, sem fram koma í skýrslu ytri matshóps, á mati á meistaranámi við Kennaraháskóla Íslands.

Umsjónarhópur leggur til að sérstök úttekt verði gerð á endur- og símenntun kennara.

V. Mat á árangri

Umsjónarhópur hefur metið árangur í þessari úttekt með tilliti til þeirra markmiða sem fram voru sett við upphaf hennar.

Markmið með matinu voru að:

1. Stuðla að því að kennaramenntunarstofnanir skoðuðu með innra mati stefnu sína og starf.
2. Gera skólunum kleift að fá álit utanaðkomandi sérfræðinga á því hvað vel væri gert og hvað betur mætti fara.
3. Afla kerfisbundinna upplýsinga um kennaramenntun hér á landi er yrði grundvöllur upplýstrar umræðu.
4. Koma til móts við kröfur um ábyrgð menntastofnana á eigin starfsemi.
5. Fá tillögur frá skólum og óháðum sérfræðingum um áherslur og úrbætur í menntun á þessu sviði.

Árangur verkefnisins í ljósi þessara markmiða má telja eftirfarandi:

1. Kennaramenntunarstofnanirnar þrjár hafa skoðað ítarlega stefnu sína og starf. Umsjónarhópurinn telur þó að nokkuð skorti á að skólarnir hafi í sjálfsmatsskýrslum sínum hugað að innri málefnum skólanna með nægilega greinandi og gagnrýnum hætti.
2. Ytri matshópur var skipaður utanaðkomandi sérfræðingum. Þeir gerðu í skýrslu sinni grein fyrir því sem betur mætti fara í starfsemi viðkomandi stofnana. Að

dómi umsjónarhóps var skýrslan vel unnin en þó hefði umfjöllun um hvað vel er gert í skólunum mátt vera ítarlegri.

3. Með sjálfsmatsskýrslum skólanna þriggja, skýrslu ytri matshóps og niðurstöðum kannana meðal kennara og skólastjórnenda hefur að dómi umsjónarhópsins verið lagður nýr grunnur að upplýstri umræðu um stöðu kennaramenntunar í landinu.
4. Segja má að þær menntastofnanir sem þátt tóku í þessari úttekt hafi að nokkru leyti með ritun ítarlegra sjálfsmatsskýrsla og tillögum um endurbætur á starfsemi sinni sýnt fram á ábyrgð á eigin starfsemi.
5. Margar tillögur og ábendingar komu frá sérfræðingum í ytri matshópi um áherslur og úrbætur í menntun kennara á Íslandi. Í sjálfsmatsskýrslum skólanna komu fram misjafnlega ítarlegar tillögur. Engin áætlun um endurbætur og framþróun kom frá Háskólanum á Akureyri. Ýmsar hugmyndir um úrbætur komu frá Kennaraháskóla Íslands, en ekki var þó um heildstæða áætlun að ræða. Áætlun Háskóla Íslands var að mörgu leyti úrelt áður en ytri matshópur tók til starfa.

Lokaniðurstaða umsjónarhópsins er að vel hafi tekist til með það mat á kennaramenntun sem nú liggur fyrir og að meginmarkmiðum þess hafi verið náð.